

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Samúel, hinn
ungi þjónn
Guðs



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest;
Alastair Paterson

Aðlagað af: Lyn Doerksen

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson


Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2021 Bible for Children, Inc.


Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.



Hanna var góð kona, gift góðum manni
Elkana að nafni. Þau trúðu á Guð og voru
bæði hjálpsöm og tillitssöm við aðra. En
það var eitt sem
skyggði á.



Hönnu hafði lengi langað til að eignast barn, en þrátt fyrir langa bið, bænir og vonir, hafði ekkert orðið af ósk hennar.





Hanna fór árlega til húss Drottins til að dýrka hann. Eitt sinn lofaði hún Guði að ef hann gæfi henni son, mundi hún gefa hann til að þjóna Guði ævilangt.



Elí gamli,
prestur,
sá Hönnu
biðjast fyrir.



Af því að varir
hennar bærðust
án þess að rödd
hennar heyrðist,
hélt Elí að
hún væri
drukkin.

Hann
ávítaði
hana.






Hanna sagði þá
Elí frá bæn
sinni og loforði
sínu til Guðs. Þá
sagði Elí, "Farðu í friði,
og megi Guð Ísraels
veita þér það sem þú
baðst hann um."
Orð Elí gerðu
hana vongóða.



Fyrr en varði fylltist hjarta Hönnu af gleði. "Drottinn minntist hennar" og svaraði bæn hennar. Hanna og Elkana eignuðust lítinn dreng er þau nefndu Samúel (sem þýðir "Heyrt af Guði"). En

mundi Hanna minnast Drottins og loforðs síns?






Hanna hætti nú
sínun árlegu
ferðum til húss
Drottins og hélt
kyrru fyrir heima
þar til sonur
hennar var orðinn
nógu gamall til að
fara og aðstoða
Elí við að þjóna
Drottni.



Síðar kom að því
að Hanna fór með
Samúel til húss
Drottins .





Guð heiðraði
Hönnu fyrir
trúfestu
hennar, og gaf
Guð henni þrjá
syni að auki og
tvær dætur.





Á ári hverju
fór Hanna til
húss Drottins
til bænahalds
og til að færa
Samúel skikkju
sem hún
saumaði fyrir
hann.



Auk Samúels voru tveir synir
Elí, þeir Hofní og Pínehas,
honum til aðstoðar. Þeir voru
illa innrættir og vanvirtu Guð.



Þótt Elí sárþændi þá um að
breyta vegum sínum, sinntu
þeir því engu. Best hefði
verið fyrir Elí að reka þá úr
þjónustunni,
en það gerði
hann ekki.





Nótt eina
heyrði Samúel
kallað á sig. Hann
hélt það væri Elí
og sagði, "Ég er
hér."





“Ég kallaði ekki á þig,” Svaraði Elí. Eftir að þetta endurtók sig þrisvar, skildi Elí að Guð var að kalla á drenginn.





Elí sagði við
Samúel, "Kalli
hann aftur,
skaltu svara:
'Tala þú Drottinn,
þjónn þinn
heyrir.'" Guð
kallaði aftur á
hann og gaf
Samúel
þýðingarmikil
skilaboð.




Morguninn eftir kallaði Elí til Samúels.
"Hvað var það sem Drottinn sagði við
þig?"



Samúel sagði Elí eins og var, að hann hefði fengið hræðileg skilaboð - að Guð ætlaði að eyða allri fjölskyldu Elí, vegna synda hans illa innrættu sona.




Viðvörðun Guðs rættist.
Ísraelsmenn héldu í stríð
gegn Filisteum og biðu mikinn
ósigur. Fleiri þúsund menn
féllu úr liði Ísraels.




Örk Guðs var tekin herfangi og báðir
synir Elí, Pínehas og Hofní, voru drepnir.
Þegar Elí bárust fréttirnar
féll hann af stóli sínum,
hálsbrotnaði og dó.



Örk Guðs lagðist þungt á Filistea og olli þeim miklum erfiðleikum. Þeir fluttu hana í hús falsguðsins Dagóns. Morguninn eftir hafði líkneskið fallið niður.



Filistear settu Dagón aftur á sinn stað -
en næsta morgun hafði hann fallið aftur
og brotnað í sundur.





Sjúkdómar og dauði sóttu
nú að Filisteum. Til að
komast að hvort Guð
væri að hegna þeim,
létu Filistear tvær
kýr draga vagn
með örk Drottins,
en lokuðu kálfa
þeirra inni.





"Ef kýrnar stefna á Ísrael, og skilja kálfana eftir, munum við vita að Drottinn hefur orsakað þetta," sögðu þeir. Og kýrnar stefndu á Ísrael.





Síðar, þegar Samúel var kominn til ára sinna, talaði hann til allra Ísraela: "Ef þið snúið ykkur aftur af öllu hjarta til Drottins, þá mun hann frelsa ykkur úr höndum Filistea."





Fólkið hlýddi hinum trausta spámanni Guðs. Hendi Drottins var upp á móti Filisteum allt til æviloka Samúels.



Samúel, hinn ungi þjónn Guðs
Sögu þessa úr heilagri ritningu,
biblíunni,
er að finna í
Fyrri Samúelsbók 1-7

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

